

Nd.

77. Nefndarállt

um frv. til laga um breyting á lögum um fasteignamat, nr. 22, 3. nóv. 1915.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Nefndin ræddi málið á fjórum fundum. Fjelst hún á frumvarpið i aðalatriðum, en gerði við það nokkrar smábreytingar og bætti við nýjum. Gerð verður grein fyrir breytingartillögunum i framsögu málsins. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.

Í stað orðanna »nema lagðar sje nú að fullu og öllu undir aðra jörð« komi:

nema lagðar sje að fullu og öllu undir aðra jörð, þegar mat fer fram.

2. Við 2. gr.

a. 9. gr. laganna orðist þannig:

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða og jarðarhúsa jafngilda einu hundraði á landsvisu. Þó er undanskilið ábúðarskatti:

1. Umbætur, aðrar en á húsum, og mannvirki síðustu 10 ára, sem melin eru sjer.

2. Verð jarðarhúsa, sem kann að fara fram úr helmingi af matsverði jarðarinnar, án umbóta og mannvirkja, sem sjer eru melin.

3. Hús þau, sem á jörðu standa, og eru annara eign en jarðeiganda.

Húsaskattur af skattskyldum húsum skal tekinn af matsverði húsa, að viðbættu matsverði þeirra lóða eða lóðarjettinda, er hverri húseign fylgir.

b. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. gr., svohljóðandi:

Síðari málsgrein 12. gr. laganna orðist svo:

Fasteignamatsnefndarmenn og yfirmatsnefndarmenn fá í fæðispeninga og ferðakostnað 6 kr. fyrir hvern dag, sem þeir gegna nefndarstörfum.

3. Við 3. gr.

Á eftir henni komi ný grein, er verði 4. gr., svo hljóðandi:

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra í meginmál laga nr. 22, 3. nóv. 1915, og getur konungur gefið út lögina þannig breytt sem lög um fasteignamat.

Alþingi, 5. jan. 1917.

Stefán Stefánsson,
formaður
(með fyrirvara).

Jón Jónsson,
skrifari og framsögumaður.

Pjetur Þórðarson.

Einar Jónsson.

Einar Árnason
(með fyrirvara).